

Sp.

82. Tillaga til þingsályktunar

[50. mál]

um kostnaðaráætlun um brúar- og vegagerð.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Karl Kristjánsson, Sveinbjörn Högnason,
Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera kostnaðaráætlun um brúargerð á Tungnaá hjá Búðarhálsi. Einnig verði gerð áætlun um kostnað við að gera bílfæra yfir sumarmánuðina leiðina frá Galtalæk í Landsveit um Holtamannafrétt og Sprengisand að Mýri í Bárðardal.

Greinargerð.

Árið 1946 fluttu Ingólfur Jónsson og Jónas Jónsson tillögu um rannsókn á því, hvort tiltækilegt væri að gera umrædda leið færa bifreiðum yfir sumarmánuðina. Var tillögunni vel tekið, og mælti allsherjarnefnd með samþykkt hennar. Enginn, sem þekkir til þessara mála, efast lengur um möguleikana fyrir því að gera leiðina um Holtamannafrétt og Sprengisand færa bifreiðum yfir sumarmánuðina. Sumir telja, að ekki þurfi að leggja í mikinn kostnað til þess, að leiðin verði greiðfær. Meginkostnaðurinn verður við brúargerð á Tungnaá, sem er allmikið vatnsfall.

Áður en hafizt er handa um lagfæringu á leið þessari, er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir heildarkostnaði við vegabætur og brúargerð. Mikill áhugi virðist vera fyrir þessu máli. Sýslunefndir Rangárvalla- og Suður-Þingeyjarsýslu hafa gert samþykktir um áskorun til Alþingis um framkvæmdir í málinu. Ekki er að efa, að þessi leið verður fjölfarin. Leiðin styttist milli landsfjórðunga, og tækifæri gefst til þess að kynnast náttúrufegurð og tilkomumiklu landslagi hálendisins.

Áður en byrjað er á framkvæmdum, er nauðsynlegt að gera heildarkostnaðaráætlun um framkvæmdir, og þess vegna er tillagan flutt.